

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sólveig Olga Sigurðardóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 30. maí 2023
UST202305-190/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 og nýtt deiliskipulag - Vestur-Meðalholt í Flóahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Vestur-Meðalholt í Flóahreppi

Í greinargerð kemur fram að gert verður ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð í landi Vestur-Meðalholta í Flóahreppi. Þar verður gert ráð fyrir íbúðarbyggð fyrir um 15-20 spildur til fastrar búsetu og heimilað verður auk íbúðarhúss, bílskúrs og gestahúss að hafa skemmu/gripahús á lóðum. Auk þess kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær yfir um 20 ha.

Hraun og fuglalíf

Í greinargerð lýsingar kemur fram að innan svæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og fuglalíf í umhverfismatsskýrslu tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur